

Rökræður – Sammála/Ósammála

Nemendur standa upp. Kennslustofu er skipt í tvö svæði, einn veggur í stofunni er **Sammála** svæðið og einn veggur t.d. veggurinn á móti er **Ósammála svæðið** (borð og stólar skipta ekki máli, þarf ekkert endilega að færa).

- Kennari les upp staðhæfingar, eina í einu. Þau sem eru sammála fara að sammála svæðinu og þeir sem eru ósammála fara að ósammála svæðinu
- Báðir hópar fá ca. 5 mínútur til að tala saman um af hverju þau eru sammála eða ósammála staðhæfingunni
- Einn úr hverjum hópi stígur fram og segir frá niðurstöðu hópsins ...“Við erum sammála af því að ...“ eða „Við erum ósammála af því að...”
- Þegar báðir hópar hafa lagt fram sín rök mega nemendur skipta um hóp ef þeir telja að rök hins hópsins hafi verið betri

Tilgangur leiksins er að nemendur velti fyrir sér af hverju þeim finnst eitthvað, geti fært rök fyrir því af hverju þeim finnst það og átti sig á að það eru fleiri en ein hlið á flestum málum og það má skipta um skoðun ef maður heyrir betri rök. Athugið að það eru ekki alltaf hrein og skýr svör til við því sem um er rætt eða rétt eða röng svör ...stundum er bara gott að velta upp öllum hliðum.

Dæmi um staðhæfingar

- Skólaípróttir eru mjög mikilvægar
- Strákar eru betri í stærðfræði en stelpur
- Það er ekki kynferðisleg áreitni að snerta kynfæri annarra ef maður gerir það bara í gríni
- Ef unglíngur fer yfir mörk annars þá á hann skilið að vera útilokaður frá hópnum
- Það þurfa ekki allir að vera vinir í bekknum
- Sá sem tekur af sér nektarmynd og treystir einhverjum fyrir henni, ber líka ábyrgð ef myndin fer í dreifingu (*eftir samræður, er mikilvægt að kennari nefni hér að sá sem dreifir mynd af annarri manneskju áfram ber ALLA ábyrgðina, ekki sá sem er á myndinni*)
- Það er gott að horfa á klám til að vita hvað á að gera í kynlífi
- Ísland er jafnréttisparadís/ hér eru allir jafnir
- Öll eiga annað tækifæri skilið þó þau hafi gert eitthvað slæmt
- Ef einhver segir fullorðnum frá ofbeldi þá er viðkomandi snitch
- Það er subbulegt að raka ekki hárin á kynfærunum (*Hér gæti kennari bætt við eftir samtal, að kynfærahárin hafi m.a. þann tilgang að halda óhreinindum frá kynfærsvæðinu og því meiri líkur á sýkingum ef þau eru öll fjarlægð*)